

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Margrétarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Margrétarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 26. maí 1944 af félögum Zontaklúbbs Reykjavíkur með 6.500 krónum og ber nafn Margrétar Th. Rasmus, fyrrum forstöðukonu Málleysingjaskólans. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að vinna að líknar-, velferðar- og fræðslumálum. Styrkir skulu að öðru jöfnu ganga til málefna mál- og heyrnarskerta. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að veita styrki til annarra sambærilegra verkefna, enda liggi fyrir samþykki félagsfundar Zontaklúbbs Reykjavíkur.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparissjóði, eða með kaupum á banka- eða ríkis-skuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn. Af eignum sjóðsins umfram 1.500.000 má verja árlega öllum ársvöxtum og öðrum tekjum, eftir því sem þurfa þykir. Höfuðstóllinn 1. maí 2007 er samkvæmt endurskoðuðum reikningum kr. 1.825.481.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er Zontaklúbbur Reykjavíkur kýs úr sínum hópi á aðalfundi, til eins árs í senn.

Reikningar sjóðsins skulu árlega yfirfarnir af tveimur konum, sem kosnar eru með sama hætti.

Sjóðstjórnin veitir styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundum þegar þurfa þykir.

Dagleg umsjón sjóðsins og firmaritun er í höndum stjórnar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað er varðar sjóðinn.

Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins, en þeir skulu lagðir fram á aðalfundi Zontaklúbbs Reykjavíkur í maímánuði ár hvert. Reikningsárið skal vera almanaksárið og fyrsta tímabil 2008.

8. gr.

Óski Zontaklúbbs Reykjavíkur þess að sjóðurinn verði lagður niður, skal honum varið til styrktar þeim málefnum sem um getur í 3. gr. og sjóðurinn síðan lagður niður, enda liggi

fyrir samþykki félagsfundar. Sömuleiðis þarf að leita staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki ef skipulagsskránni er breytt eða samþykkt að leggja sjóðinn niður.

9. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnardóttur Rasmus frá 25. janúar 1978.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 29. apríl 2008.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.